

# Rafræn kosning

Kosning um kjarasamning  
milli FIT (Félags iðn- og  
tæknigreina) og Bílgreina-  
sambandsins

Opnað verður fyrir rafræna kosningu á  
heimasíðu FIT mánudaginn 16. maí og stendur  
hún til þriðjudagsins 24. maí kl. 16:00

# Helstu atriði nýs kjarasamnings

Samninganefnd Samiðnar skrifaði uppá nýjan kjarasamning fyrir hönd aðildarféлага sinna 5. maí sl.

Samningurinn er til þriggja ára og felur í sér almennar launahækkanir uppá 11,4% á samningstímanum og hækkun á launatöxtum um kr. 34.000.

Í bæklingi þessum verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum samningsins svo og þeim fyrirheitum sem ríkisstjórnin setti fram um ýmis mál sem hún ætlar að hrinda í framkvæmd.

## 1. Launabreytingar

### a.) Almenn hækkun

i. 1. júní 2011 4,25%

ii. 1. febrúar 2012 3,50%

iii. 1. febrúar 2013 3,25%

### b.) Krónutöluhækkun á taxa

i. 1. júní 2011 12.000 kr.

ii. 1. febrúar 2012 11.000 kr.

iii. 1. febrúar 2013 11.000 kr.

## 2. Afturvirkni samninga (Greiðslur v. jan – maí)

a.) Eingreiðsla í júní kr. 50.000 fyrir starfsmann í fullu starfi í mánuðunum mars-maí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl eða eru í hlutastarfi fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl og verða í starfi til 5. maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí.

b.) Álag á orlofsuppbót 2011 kr. 10.000 (verður þá 26.900 + 10.000)

c.) Álag á desemberuppbót 2011 kr. 15.000 (verður þá 48.800 + 15.000)

3. Ný grein í kjarasamning til að sporna við gerviverktöku.

4. Hækkun á bakvaktarálögum

5. Forsenduákvæði gagnvart ríkisvaldinu verður seinni partinn í júní. Kjaramningurinn gildir til 31. janúar 2014, með endurskoðun í janúar 2012 og janúar 2013. Ákveðinn fyrirvari er á samningnum sem tengist stjórnvaldsaðgerðum og lagabreytingum sem þurfa að eiga sér stað fyrir 22. júní 2011. Ef þær forsendur sem snúa að stjórnvöldum standast ekki gildir samningurinn til 1. febrúar 2012.

6. Jöfnun lífeyrisréttinda. Samhliða þessum kjarasamningi verður stigið markvisst skref í að jafna lífeyrisréttindi þar sem stefnt er að því að auka framlög í lífeyrissjóði úr 12% í 15,5% á árabílinu 2014-2020. Bókun er um að fyrir árslok 2012 verði komin niðurstaða um samræmt og sjálfbært lífeyriskerfi alls launafólks á vinnumarkaði.

# Helstu ávinningar bókana með kjarasamningi og yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar:

- Persónuafsláttur verður verðtryggður frá og með næstu áramótum.
- Lagður grunnur að jöfnun lífeyrisréttinda landsmanna með markvissum hætti á árunum 2014-2020 en hér er um að ræða eitt mikilvægasta réttindamál launafólks um áratuga skeið.
- Með kjarasamningnum er blásið til sóknar í atvinnulífinu með það að markmiði að draga úr atvinnuleysi, m.a. með ýmsum hvataaðgerðum til að treysta stöðu nýsköpunar og þekkingargreina ásamt orkufrekum iðnaði sem styðji við markmið ASÍ um að auka vægi grænna greina í hagkerfinu.
- Átak verður sett af stað í þjónustu við atvinnuleitendur á vegum stéttarfélaganna og menntunarúrræði verða sett á oddinn bæði fyrir yngra fólk og þá sem komnir eru af skólaaldri.
- Atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga fá hliðstæða hækkun og þeir sem eru á lægstu töxtum.
- Hækkun framlaga til Fæðingarorlofssjóðs og Ábyrgðarsjóðs launa tryggir launafólki rétt í fæðingarorlofi og launatap í gjaldþrotum fyrirtækja.
- Starfsendurhæfingargjald lögfestir réttinn til endurhæfingar gagnvart öllu launafólki og þeim sem eru á örorkubótum lífeyrisjóðanna.
- Af hálfu stjórnvalda koma til fjölmargar umbætur til að tryggja réttarstöðu launafólks s.s. við sölu fyrirtækja. Ráðist verður í tímabundið átaksverkefni til að hefta svarta atvinnustarfsemi.
- Unnið verður að því að stoppa kennitölulflakkara.
- Unnið verði að bæta heilbrigða samkeppni þegar verklegar framkvæmdir og þjónusta er boðin út. Skoðað verður hvaða breytingar gera þarf á lögum um opinber innkaup, og eftir atvikum öðrum lögum, til þess að styrkja stöðu og réttindi launafólks sem starfa fyrir fyrirtæki á verktakamarkaði og jafna á sama tíma samkeppnisstöðu fyrirtækja.

## Starfsmannaskírteini

- Aukin verður notkun starfsmannaskírteina og starfsheitum verður bætt á þau.

## Bókun um eflingu iðngreina

- Samningsaðilar eru sammála um að taka upp sérstakt samstarf í því skyni að efla iðngreinar og bæta ímynd þeirra með það að markmiði að laða ungt fólk inn í iðngreinar. Jafnframt verði unnið að því að bæta vinnuumhverfi, kynna kosti hvatakerfa sem bætt geta hag starfsfólks og fyrirtækja og efla hæfi starfsfólks með áframhaldandi samstarfi um menntamál iðngreinanna. Viðeigandi starfshópar munu taka til starfa í september 2011.

# Launatöflur

## Launatafla Bilgreina frá 1.júní 2010

<b>Launaflokkur 1</b>			
<b>Þeir sem lokið hafa Sveinsprófi eða sambærilegri menntun</b>			
Ár	2011	2012	2013
Hækkun-krónur	12.000	11.000	11.000
Byrjunartaxti sveins	261.382	272.382	283.382
Eftir 1 ár í starfsgr.	270.629	281.629	292.629
Eftir 3 ár í starfsgr.	280.339	291.339	302.339
Eftir 5 ár í starfsgr.	290.533	301.533	312.533
Eftir 7 ár í starfsgr.	300.702	311.702	322.702
2 sveinsbr.* ofl.*	312.479	323.479	334.479
Verkstjóri II	324.280	335.280	346.280
Aðst.verkstj. ofl.**	336.373	347.373	358.373
Verkstjóri I	349.685	360.685	371.685

- \* Sérmentaður sveinn (2. þrep)
- \*\* Sérmenntaður sveinn (3ja þrep)
- \* Tvö sveinsbréf sem nýtast í starfi
- \*\* Tegundarsérfræðingur/ráðgjafi
- \* Starfsmaður með meistarabréf.
- \*\* Aðstoðarverkstjóri

<b>Launaflokkur 2***</b>			
<b>Iðnaðarmenn sem ekki falla undir launaflokk 1</b>			
Iðnaðarmenn	243.452	254.452	265.452
Iðnaðarmenn eftir 1 ár	252.575	263.575	274.575

\*\*\* Kauptaxti iðnaðarmanna 2 án sveinsprófs nær til þeirra iðnaðarmanna sem ekki uppfylla skilyrði launaflokks 1 en hafa starfs-réttindi frá sínu heimalandi til iðnaðarmannastarfa. Starfsmaður skal þó ekki taka laun skv. þessum launaflokki lengur en tvö ár, enda sýni hann fram á að hann hafi unnið í a.m.k. tvö ár í iðn sinni hér á landi. Starfstími skv. launaflokki þessum telst ekki til starfstíma skv. launaflokki 1. Við tilfærslu í launaflokk 1 byrjar starfsmaður að ávinna sér sjálfstæðan ávinnsurétt skv. launaflokki 1.

<b>Nemar í bilgreinum</b>			
Fyrstu 12 vikurnar	186.469	197.469	208.469
Næstu 12 vikur	199.189	210.189	221.189
Eftir 24 vikur	211.906	222.906	233.906

# Félagssfundir til kynningar á nýjum kjarasamningum

Mánudagur 16. maí

**Reykjavík**

Borgartúni 30, kl. 20 til 22

Þriðjudagur 17. maí

**Vestmannaeyjum**

Kaffi Kró, Tangagötu 7 kl. 11:45-13:15

Þriðjudagur 17. maí

**Selfossi**

Salur Þjónustuskristofu iðnfélaga, kl. 20 til 22

Miðvikudag 18. maí

**Akranesi**

Salur eldri borgara, Kirkjubraut 40 kl. 20 til 22

Fimmtudag 19. maí

**Reykjanesbæ**

Kaffi Duus, Duusgötu 10 kl. 20 til 22

Skrifstofur félagsins verða opnar frá kl. 18 til 20  
þann 23. maí.

# Leiðbeiningar um hvernig skal kjósa rafrænt

## Skref 1 - Opna heimasíðu FIT



Til að greiða atkvæði um kjarasamning FIT þarf að byrja á að opna heimasíðu félagsins ([www.fit.is](http://www.fit.is)). Þar er smeltt á kosningahnappinn á forsíðunni. Þá opnast kosningasíðan.

## Skref 2 - Slá inn lykilorð



Kosningin er lokuð og aðeins fyrir félagsmenn. Til að geta greitt atkvæði þarf að slá inn lykilorð, sem er neðst í þessu bréfi.

## Skref 3 - Skoða samning og halda áfram



Eftir að lykilorðið hefur verið slegið inn fer notandi á næstu síðu, þar sem hægt er að lesa samninginn með því að smella á 'Smelltu hér til að lesa samninginn'. Til að kjósa um samninginn er því næst smeltt á 'Halda áfram' hnappinn neðst á síðunni.

## Skref 4 - Greiða atkvæði



Þetta er lokaskrefið í kosningaferlinu. Þarna hakar kjósandi við sitt svar og smellir á 'Kjóra' hnappinn undir svarmöguleikunum. Þá hefur kjósandi lokið við að greiða atkvæði og flyst sjálfkrafa aftur inn á heimasíðu FIT.

**LYKILORÐ:**

